

Fundargerð 472. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 24. júní kl. 13:00 á Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í atvinnuvegaráðuneytinu (ATRN), Rebekka Hilmarsdóttir, nefndarmaður og lögfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í ATRN, Marteinn Breki Helgason nefndarmaður og sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, nefndarmaður og formaður deildar sauðfjárbænda við BÍ og Sigurbjörg Ottesen, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ.

Fundargerð ritaði Rebekka Hilmarsdóttir.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 471. fundar hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og verður birt á vef atvinnuvegaráðuneytisins.

2. Ályktanir af deildarfundi Nautgripabænda 2026

Lagt fram bréf Bændasamtaka Íslands dags. 29. apríl 2026 um ályktanir sem samþykktar voru á deildarfundi Nautgripabænda BÍ dagana 23. – 24. mars 2026 og stjórn deildarinnar ákvað að beina til nefndarinnar. Um er að ræða ályktun um gripagreiðslur, kjötmat á kvígum og hámarksverð greiðslumarks.

Sigurbjörg Ottesen fór yfir ályktanirnar og helsta rökstuðning að baki ályktunum. Um er að ræða breytingar á reglugerðum sem ráðherra þarf að taka afstöðu til.

3. Kvörtun vegna framkvæmdar á ráðstöfun fjármuna til fjárfestingastuðnings á árinu 2025.

Lagt fram bréf stjórnar deildar sauðfjárbænda við Bændasamtök Íslands til atvinnuvegaráðuneytisins um kvörtun vegna framkvæmdar á ráðstöfun fjármuna til fjárfestingastuðnings samkvæmt reglugerð nr. 144/2025 um stuðning við sauðfjárrækt á árinu 2025.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason fór yfir erindið. Erindinu er beint til ráðuneytisins og var upplýst að erindið er til skoðunar hjá ráðuneytinu. Þess er óskað að niðurstaða ráðuneytisins verði kynnt nefndinni þegar hún liggur fyrir.

4. Samþykkt var í rafrænni afgreiðslu 13. janúar 2026 að ráðstafa fjármunum til kynbóta skv. 5. gr. samning um breytingar á samningi um starfsskilyrði garðyrkjuafurða á árinu 2025 til stofnræktunar á kartöflum. Einnig að 30 m. kr. af aðlögunarstyrkjum í lífrænni ræktun verði veitt til tækjastyrkja í lífrænni framleiðslu.

5. Samþykkt var í rafrænni afgreiðslu 17. mars 2026 að ráðstafa hluta fjármagns sem ætlað er til framleiðslujafnvægis í nautgriparækt skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar á árinu 2026 með eftirfarandi hætti: 68 m. kr. til RML vegna reksturs erfðamengisúrvals í nautgriparækt, 7 m. kr. til NBÍ vegna dreifingar á holdanautasæði og 30 m. kr. bætt við þróunarfé nautgriparæktar á árinu 2026.